

**TILLAGA****Viðtakandi:** Velferðarráð**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri**Efni tillögu: *Hækkun tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings***

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, afturvirkir frá 1. júní 2022, til samræmis við hækkun Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.895.292	6.119.111	407.941	509.926
2	6.474.408	8.093.017	539.534	674.418
3	7.579.800	9.474.752	631.650	789.563
4 eða fleiri	8.211.456	10.264.315	684.288	855.360

Heildaráætlun ársins 2022 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.301 m.kr. Kostnaður vegna hækkunar tekjumarka fyrir tímabilið júní til desember 2022 er metinn á bilinu 12-15 m.kr. Útkomuspá 2022 gerir ráð fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur verði innan fjárheimilda.

Greinargerð:

Þann 9. júní 2022 var gerð breyting á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 3% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2022. Einnig var grunnfjárhæð húsnæðisbóta hækkuð um 10% sem skilar sér sjálfkrafa til notenda sérstaks húsnæðisstuðning vegna ákvæðis 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 3% og breytingin taki gildi þann 1. júní 2022.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 30. september 2022.